



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 2. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2014 FIMMTUDAGINN 11. SEPTEMBER KL.13:30

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

#### B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

Umsóknir um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Í máli fulltrúa nemenda kom fram að uppselt hefði verið á busaballið og hefði það gengið vel. Nýnemaferðin var líka vel heppnuð en fleiri nýnemar hefðu mátt koma á nýnemakvöldið. Margir viðburðir standa nemendum til boða á næstu vikum og hvetur skólaráð nemendur til að taka virkan þátt í atburðum sem nemendafélagið skipuleggur.

### 3. Önnur mál

Í máli fulltrúa kennara kom fram að frímínútur eftir hádegi væru of stuttar, það mætti t.d. lengja einar frá 5 mín. í 10 mínútur. Málið verður skoðað.

Fyrirspurn kom um litaprentara. Í máli skólameistara kom fram að á næsta ári verða prentarar og ljósritunarvélar skoðaðar í heild og vonast skólinn til að geta bætt þjónustuna.

Skólameistari þakkaði starfsfólki og nemendum kærlega fyrir vel heppnaðan afmælisdag.

#### Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi  
Ása Lind Finnbogadóttir fulltrúi kennara  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Kristinn Þorsteinsson skólameistari  
Magnús Bjarki Guðmundsson fulltrúi nemenda  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Tómas Geir Howser Harðarson forseti NFFG  
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi